

Ed.

417. Nefndarálit

[30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar, Heilbrigðismálaráði Vestfjarða, Heilbrigðismálaráði Norðurlands vestra, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, Félagi yfirlækna, Heilbrigðismálaráði Reykjaneshéraðs, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Starfsmannaráði Borgarspítalans, borgarlækni, Læknafélagi Íslands, Félagi ísl. sjúkráþjálfara, héraðslækninum í Austurlandshéraði, Hjúkrunarfélagi Íslands og stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Enn fremur gerði fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlun um kostnaðarauka vegna þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur starfaði með nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. mars 1983.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Jón Helgason.

Salome Porkelsdóttir.

Lárus Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Helgi Seljan,
með fyrirvara.